



Stjórn Reykjaneshafnar

Fundargerð

235. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 21. nóvember 2019 kl. 17:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

Mættir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Kornráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

DAGSKRÁ

1. Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030. (2019110193)

Undir þessum lið mætti Halldóra G Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra Reykjanesbæjar. Á bæjarstjórnarfundi Reykjanesbæjar þann 1. október s.l. var samþykkt ný stefna fyrir Reykjanesbæ og stofnanir hans 2020-2030, en stefnan tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Fór Halldóra yfir helstu þætti stefnunnar og þá lykilþætti sem að henni snúa.

2. Starfsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020. (2019100344)

Starfsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020 var samþykkt á fundi Stjórnar Reykjaneshafnar þann 24. október s.l. Með tölvupósti þann 28. október komu tilmæli frá bæjarstjóra Reykjanesbæjar að í starfsáætlunum rekstrareininga Reykjanesbæjar og stofnana hans verði tekið mið af nýsamþykktir stefnu Reykjanesbæjar 2020-2030 ásamt tilvísun til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Hafnarstjóri fór yfir endurskoðaða starfsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020 þar sem tekið er mið af þessum tilmælum. *Lagt er til að endurskoðuð starfsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020 verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

3. Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020. (2019080704)

Hafnarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020 ásamt áætlun til næstu ára þar á eftir. Einnig fór hann yfir þær fjárfestingar sem fara þarf í á komandi árum. Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar er í samræmi við gildandi aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar og stofnana hans og byggir á þeim forsendum sem þar eru til grundvallar. *Lagt er til að fjárhagsáætlun ársins 2020 ásamt áætlun vegna árana 2021-2023 verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

4. Framtíðarsýn Reykjaneshafnar til 2030. (2019110193)

Á 212. fundi Stjórnar Reykjaneshafnar 23. janúar 2018 var lögð fram framtíðarsýn Reykjaneshafnar til komandi 10 ára sem unnin var af stjórn, hafnarstjóra, starfsmönnum hafnarinnar og skiplagsfulltrúa Reykjanesbæjar. Hafnarstjóri fór yfir þær hugmyndir sem þar komu fram ásamt tillögu að vinnufyrirkomulagi fyrir endurskoðaða framtíðarsýn Reykjaneshafnar til ársins 2030. *Lagt er til að Stjórn Reykjaneshafnar taki til endurskoðunar fyrirbyggjandi framtíðarsýn á grundvelli viðkomandi vinnufyrirkomulags og leggi fram framtíðarsýn fyrir Reykjaneshöfn árið 2030 fyrir lok maímánaðar 2020. Samþykkt samhljóða.*

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "KJ", "dBK", and "SA".

5. **Ársreikningur Reykjaneshafnar 2019. (2019110195)**
Ráðningarbref við Grant Thornton endurskoðun ehf. vegna endurskoðunar á reikningum Reykjaneshafnar rekstrarárið 2019. *Lagt er til að ráðningarbrefið verði samþykkt og hafnarstjóra falið að undirrita það. Samþykkt samhljóða.*
6. **Hafnarsamband Íslands. (2019051158)**
Fundargerð 416. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 18.10.2019. **Lögð fram til kynningar.**
7. **Siglingarráð. (2019060287)**
Fundargerðir 18. fundar Siglingarráðs frá 05.09.2019. **Lögð fram til kynningar.**
8. **Togarinn Orlik. (2019070172)**
Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 31.10.2019 þar sem kynnt er ákvörðun ráðuneytisins um útvíkkun á áður útgefni undarþágu til Skipasmíðastöð Njarðvíkur um niðurrif á togaranum Orlik. **Lagt fram til kynningar.**
9. **Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2019051182)**
Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.
10. **Önnur mál. (2019051178)**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15

Höfn M.J.
Kristján Þórnýsson
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Guðmundsson
Seyður Þórnýsson